Galdraskólinn

1. kafli Saurbær bls. 5-7



Hvað heitir aðalpersónan í sögunni? _____

Hvers vegna hafði Katja ekki leitt hugann að því að fara í galdraskóla?

_____

_____

Hvað varð til þess að áhugi hennar á galdraskóla jókst?

- ☐ Hún fékk pakka með galdradóti.
- ☐ Hún fékk bréf.
- ☐ Mamma hennar var fræg galdranorn.

Hvert var Katja að fara með rútunni? _____

_____

Hvað merkir orðið *afleggjari* í sögunni?

- ☐ Vegur eða vegspotti út frá aðalvegi.
- ☐ Lítið útskot til að leggja rútu.
- ☐ Vegur sem ekki er notaður lengur.
- ☐ Vegur þar sem stoppa má bílinn og leggja sig.

Nafn _____

2. kafli Sækýr, bls. 10-13

Um hvað voru krakkarnir að læra í fyrstu kennslustundinni?

_____

Hvað hét kennarinn og hvaða viðurnefni hafði hann?

_____



Katja iðaði af spenningi. Hvað merkir *að iða*?

- ☐ Að vera á sífelldri hreyfingu.
- ☐ Að vera með svima.
- ☐ Að vera flökurt.

Hvers vegna iðaði Katja af spenningi?

- ☐ Hún var viss um að Sæmundur ætlaði að mjólka sækúna.
- ☐ Hún var viss um að hún væri mjög góð norn.
- ☐ Hún var viss um að hún fengi að sjá alvöru galdra.

Segðu frá krökkunum sem voru í kennslustundinni. _____

_____

_____

_____

2. kafli

Hvað átti Katja að gera í fjósinu?

- [ ] Hún átti að moka flórinn.
- [ ] Hún átti að mjólka sækýrnar.
- [ ] Hún átti að fóðra sækýrnar.

Hvað merkir *að moka flórinn?*

- [ ] Að moka holu fyrir kúaskít.
- [ ] Að raka saman hey í fjósi.
- [ ] Að moka kúaskít út úr fjósi.

Skoðaðu myndirnar í næsta kafla og veltu fyrir þér söguþræðinum.

Hvað heldur þú að gerist í kaflanum?

Ræddu við félaga. Eruð þið með svipaðar hugmyndir?



Hvernig hafði Katja undirbúið sig fyrir dvölina á Saurbæ?

- ☐ Hún hafði æft alla galdra sem hún fann.
- ☐ Hún hafði lesið allar þjóðsögur sem hún fann.
- ☐ Hún hafði slakað á og gætt þess að sofa vel.

Hvernig lýsti Katja sækúnum? _____

_____

_____

_____

3. kafli

Í kaflanum eru nokkur sérnöfn og mörg samnöfn. Finndu fimm sérnöfn og fimm samnöfn og skrifaðu þau í töfluna hér fyrir neðan.

sérnöfn	samnöfn